

**202. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,  
28. júní 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

Fundurinn er haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:****1. 2105006 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 4 - Asparskógar 3**

Fyrirspurn um breytingu á byggingarreit. Breytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga frá 21. maí til 19. júní 2021. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð (sem starfar í umboði bæjarstjórnar) að breyting á deiliskipulagi Skógarhverfis áfangi 4, vegna Asparskóga 3, verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**2. 2104262 - Deiliskipulag - Skógarhverfi áfangi 5**

Fundargerð kynningafundar sem haldinn var þann 10. júní 2021.

*Fundargerð lögð fram.*

**3. 2104261 - Deiliskipulag - Skógarhverfi áfangi 3C**

Fundargerð kynningafundar sem haldinn var þann 10. júní 2021.

*Fundargerð lögð fram.*

**4. 2106126 - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa Beykiskógar 19**

Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um að hækka húsið úr fjórum hæðum í fimm hæðir.

*Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.*

**5. 2106162 - Breiðarsvæði - hugmyndasamkeppni**

Kynning á hugmyndasamkeppni á Breið.

*Lagt fram til kynningar. Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.*

**6. 2002293 - Grjótkelduflói - landamerki / sveitarfélagamörk**

Hvalfjarðarsveit samþykkti erindi Akraneskaupstaðar um færslu á sveitarfélagamörkum á fundi sínum nr. 332 þann 22. júní sl. með svofelldum hætti:

Bókun sveitarstjórnar:

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um færslu á sveitarfélagamörkum á láglandi milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar. Mörk sveitarfélaganna verði óbreytt í Akrafjalli sbr. meðfylgjandi uppdætti."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum, HH sat hjá og EÓG var á móti.

*Skipulags- og umhverfisráð fagnar afgreiðslu sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar frá 22. júní 2021, um færslu á sveitarfélagamörkum á láglandi milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar. Mörk sveitarfélaganna verði óbreytt í Akrafjalli.*

*Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram inn í vinnu við endurskoðun á Aðalskipulagi Akraness.*

**7. 2106178 - Aðalskipulag Akraness - breyting**

Breyting á aðalskipulagi Akraness 2005-2017, vegna húsnæðisúrræðis fyrir fatlaða.

*Skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Akraness vegna opins svæðis í Jörundarholti. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð (sem starfar í umboði bæjarstjórnar) að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar.*

**8. 2106183 - Aðalskipulag Akraness breyting - Golfsvæði**

Breyting á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017, vegna fyrirhugaðs Hótel, á deiliskipulagi Golfvallar.

*Skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Akraness, vegna breytinga á deiliskipulagi. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð (sem starfar í umboði bæjarstjórnar) að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar.*

**9. 2106108 - Fyrirspurn - leyfi til að hafa kajaka við Kalmansvík**

Fyrirspurn Blue Water Kayaks um að hafa kajaka við Kalmansvík. Áætlað er að ferjaðir yrðu kajakar á svæðið daglega, t.d. til útleigu fyrir gesta tjaldsvæðis.

*Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið og felur fyrirspyrjanda að vera í samráði við skipulagsfulltrúa.*

**10. 2101238 - Sementsreitur - uppbygging**

Bréf Vegagerðarinnar dags. 28. júní 2021, varðandi Faxabraut (Akranesvegur 509-02)

*Í ljósi niðurstöðu Vegagerðarinnar sbr. bréf dagsett 28.06.2021, felur skipulags- og umhverfisráð skipulagsfulltrúa að aðlaga skipulag við Sementsreit til samræmis við þá niðurstöðu.*

*Í því felst m.a. að tengingar út á Faxabraut verða óbreyttar, en tvær af þeim tengingum verða einstefnugötur frá Faxabraut þar sem einungis hægri beygjur verða heimilaðar.*

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17.15.**